

Reykjavík 31.8.2023

Til fjárlaganefndar Alþingis

Foreldrahús er 37 ára gamalt úrræði fyrir fjölskyldur í vanda. Börn og unglunga með tilfinningavanda sem oft endar í vímuefnavanda. Foreldrahús er eina sértæka úrræðið á Íslandi sem tekur á áfengis- og vímuefnavanda unglunga og sem virkjar foreldra til stuðnings barna sinna.

Hlutverk Foreldrahúss er að styðja og valdefla foreldra sem eiga börn í vanda. Einnig að styðja við barnið úr eigin vanda.

Foreldrahús þjónustar Reykjavík og öll helstu nágrennasveitafélög Reykjavíkur sem og kaupstöðum í nálægð. Velferðaðjónustur sveitafélaganna sem og barnaverndir hafa nýtt sér þjónustu okkar í áraraðir.

Komur í Foreldrahús sl. 4 ár:

Árið 2022 komu samtals: 3476

Árið 2021 komu samtals: 3242

Árið 2020 komu samtals 2552

Árið 2019 komu samtals: 2410

Í þeim löndum sem við berum helst okkur saman við hefur á síðustu árum verið stórefld fjárfesting í sambærilegum „Foreldrahúsum“ í meðferðaúrræðum systursamtaka okkar á norðurlöndunum. Við getum ekki boðið þjónustu án endurgjalds fyrir fólk sem kemur inn af götunni vegna skorts á fjárstuðningi hins opinbera. Við höfum leitað eftir stuðningi stjórnvaldsins í mörg ár og fengið styrki. En þeir hafa dugað skammt, enda hefur eftirspurn eftir þjónustu okkar aukist verulega. Okkur vantar sárlega frekari stuðning og óskum eftir því að komast á fjárlög. Ef Foreldrahús kemst ekki á fjárlög og leggst af, tapast sérþekking sem ekki er annarstaðar í kerfinu. Vandí barna og unglunga myndi færast inn á önnur yfirfull og margfalt dýrari úrræði sem nú þegar eru langir biðlistar í. Má í þessu sambandi nefna BUGL þar sem hundruði barna bíða úrlausnar. Hluti þeirra barna gætu komið í Foreldrahús ef það væri gjaldfrjálst. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins er fyrsta stopp foreldra, en þar er ekki að finna sérfræðiþekkingu eins og Foreldrahúss. Einkarekin úrræði eru rándýr fyrir foreldra og samræmist ekki sjónarmiðum laga um rétt barna til þjónustu. Það á ekki að mismuna börnum eftir stétt eða fjárhagsstöðu foreldra.

Það eru búnir að vera erfiðir tímar, Covid-19 fór ekki vel með þá sem voru viðkvæmir fyrir.

Um þessar mundir er annar faraldur hér á landi sem hefur tekið meira af ungmennum okkar en samfélagið hefur nokkru sinni séð áður. Til samanburðar þá lést ekkert ungmenni af völdum Covid-19. Áreiðanlegar upplýsingar segja að rúmlega 30 ungmenni hafi látist bara á þessu ári, sem á sér ekki hliðstæðu við þau lönd sem við berum okkur við. Notkun óþjóða hjá ungmennum síðustu misseri er á skala sem ekki þekkist í þeim löndum sem við berum okkur saman við önnur en Bandaríkin.

Stjórnvaldið hefur minnst á þjóðaráttak vegna þessa. Við í Foreldrahúsi erum klárlega hluti af því átaki. Við skiljum það sem svo að það eigi að fylgja fjármunir til okkar snæmmtæka úrræðis í Foreldrahúsi, með því átaki.

Foreldrahús er ódýrt og faglegt úrræði, með einstaka sérþekkingu.

Það sem við þurfum að lágmarki til reksturs Foreldrahúss er:

	<u>Kostnaður</u>	
<u>Gjöld:</u>	<u>Mánaðarlega</u>	<u>Árið</u>
Laun og launatengd gjöld.....	7.731.840	92.782.080
Húsnæðiskostnaður.....	865.000	10.380.000
Almennur rekstrarkostnaður.....	800.000	9.600.000
Útgáfu/innheimtukostnaður.....	1.200.000	14.400.000
	<hr/>	<hr/>
	10.596.840	127.162.080

Varðandi frekari rökstuðning við beiðni okkar um fjárlög, meðfylgjandi bréfs.

Fh. Stjórnar Foreldrahúss

Berglind Gunnarsdóttir Strandberg, framkvæmdastjóri